



Viðbót við orlofskosti sumarið 2021

Í sumar hefur FOSS náð samningum við aðila um leigu á íbúðum eða orlofshúsi í sumar. Þetta er gert til að auka framboð fyrir félagsmenn okkar. Hér fyrir neðan er stutt kynning á þessum nýjungum. Auk þess höfum við náð samningum við tvö gistiheimili. Endilega kynnið ykkur framboðið á Orlofsvef FOSS, <https://foss.bsrb.is/forsida/orlofsmal/>.

Sumarhús á Blönduósi - Sumarhús með heitum potti. Svefnpláss fyrir 4 í uppábúnum rúmum. Í stofu er svefnsófi og þar pláss fyrir tvo og því er samanlagt svefnpláss fyrir sex manns. Barnaferðarúm og barnastóll í húsinu. Grill.

Íbúð á Flúðum – Tveggja herbergja íbúð með svölum út í garð. Á svölum eru garðstólar, lítið borð og grill. Hjónaferbergið er með hjónarúmi, svefnsófi inni í stofu fyrir tvo. Hægt er að fá auka bedda í íbúðina og sængur og kotta. Barnaferðarúm og barnastóll í íbúðinni. Eldhúsið er vel búið meðal annars örbylgjuofni, kaffivél, brauðrist, vöflujárni og handþeyttara. Útsýni út á garðsvæði þar sem m.a. er æslabelgur og frispígolfvöllu. Á neðri hæðinni er Almar Bakari með bakarí.

Íbúð á Akureyri – Íbúð á fjórðu hæð í lyftuhúsi. Þriggja herbergja íbúð með svefnplássí fyrir sex. Tvö herbergi með svefnplássí fyrir fjóra og svefnsófi í stofunni fyrir tvo. Barnaferðarúm og barnastóll í íbúðinni. Sængur og kottar fyrir sex manns. En aukadýnur í íbúðinni. Borðbúnaður fyrir sex manns. Þvottavél í þvottahúsi á hæðinni. Það er hægt að leigja lín meðan á dvöl stendur. Nánari upplýsingar eru á orlofvefnum.

Hólar í Hjaltadal íbúð - Fimm herbergja íbúð með svefnplássí fyrir 7 manns. Svefnherbergin eru fjögur. Í stofu eru tveir svefnsófar. Taka þarf með sér rúmfatnað og handklæði. Baðherbergi með sturtu og þvottavél. Barnrúm og barnastóll. Ekkert grill. En það má taka með sér ferðagasgrill. En ekki einnota álbakka grill.

Gistihúsið á Hólmavík – Tveggja manna herbergi með sér baðherbergi og morgunmatur innifalinn í verðinu.

Gistihúsið Hamar – Vestmanneyjar. Gistimiði gildir í tveggja manna herbergi með sér baðherbergi. Sumartímabilið er greitt fyrir herbergið með tveim miðum og morgunmatur innifalinn í gistingunni. Yfir vetratímam er greitt með einum gistimiða og þá er morgunmatur ekki innifalinn í gistingunni.